

15.12.2016

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. desember 2016 og styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur þunga áherslu á að það verði að lögum fyrir næstu áramót.

Virðingarfyllst f.h. bæjarstjórnar.

Gunnsteinn R. Ómarsson

Bæjarstjóri
Sveitarfélagið Ölfus
s. 480-3800
gunnsteinn@olfus.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2016

1612026SA SAS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Mál það sem hér um ræðir hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið að því, m.a. með gerð samkomulags við heidlarsamtök opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl. Sama dag gerðu sambandið og ríkið með sér samning um lífeyrismál.


Flestir starfsmenn sveitarfélaga eiga aðild að lífeyrissjóðnum Brú- lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Starfar sjóðurinn eftir eigin samþykktum og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að samþykktum um A-deildar Brúar verði breytt til samræmis við ákvæði laganna og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að samþykktum A-deildar Brúar skuli breytt kemur skýrt fram í athugasemdum um frumvarpið t.d. í kaflanum *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR*. Eftir atvikum telur Samband íslenskra sveitarfélaga rétt að leggja til að sett verði í lögum bráðabirgðaákvæði þar sem Lífeyrissjóðnum Brú verði gert að breyta samþykktum sínum á þann hátt sem að ofan greinir. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði fellt inn í a.lið 7.gr. frumvarpsins. Breytingar á samþykktum Brúar þarf að leggja fyrir stofnaðila sjóðsins til staðfestingar.

Í 8. gr. frumvarpsins b.lið er ákvæði til bráðabirgðar sem víkur að lífeyrissjóðum á opinberum markaði og mælir fyrir að iðgjald til þeirra skuli vera það sama á árinu 2017 og það var árið 2016. Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á því að móttframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðsins Brúar var árið 2016 12% en ekki 11,5% eins og hjá LSR. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins var gerð upp m.v. 11,5% móttframlag og þar með framlag til lífeyrisauka. Með hliðsjón af því og markmiðum frumvarpsins um jöfnun lífeyrisréttinda er lagt til að 8.gr. b. verði breytt og með beinum hætti kveðið á um að iðgjald launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði skuli vera 11,5%.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri